



### 3. Stjórnarfundurinn haldinn í Menntaskóla Borgarfjarðar 24. ágúst klukkan 17:30

#### 1. Sambandsstjóri setur fundinn klukkan 17:35

#### 2. Sumarið 2020

a. **Vinnuskólinn** - Allt gengið mjög vel í sumar og illa gekk að ráða inn flokkstjóra. Gekk þó að lokum og fjöldi þátttakenda hefur aldrei verið meiri samtals 112 í öllu sveitarfélaginu.

**Sumarfjórið** - Þátttakan mjög rokkandi eftir vikum en almennt góð þátttaka.

b. **Námskeið í sumar** - Mjög mikið af fjölbreyttum námskeiðum í sumarfjörinu en því miður þurfti að aflýsa mörgum námskeiðum vegna þátttökuleysis. Umræða skapaðist um hvernig hægt væri að efla starfið til framtíðar.

3. **UMSB tjald (nýja)** - Siggí mun hafa samband við hin félögin sem eiga tjaldið með okkur og tilkynna að það sé ónýtt og því þurfi að farga eða koma í notkun hjá einhverjum.

4. **Starfsstyrkir UMSB** - rætt var um hvort hægt sé að fá fulltrúa frá deildunum til þess að svara fyrir og gera grein fyrir nokkrum atriðum varðandi ársreikninga. Þau fengju sendar t.d 4 almennt orðaðar spurningar og gætu undirbúið sig fyrir fund með stjórninni sem yrði t.d eins kvöldstund ca hálf tími á hvert félag.

5. **Tilboð í Þjónustumiðstöð UMSB** - Umræða skapaðist um það hvernig framtíð skrifstofu UMSB er háttað. Þyrftum að fá langtímasamning við Borgarbyggð um skrifstofuaðstöðu ef við ætlum að selja. Fundurinn samþykkir að Sigurður sendi inn beiðni til Sveitarstjórnar um samning.

#### 6. Styrkur úr minningarsjóði Auðunn Hlíðkvist

a. Kaup á íþróttatækjum, lagfæring á kerru UMSB og nýta hana undir þessi tæki. Bragi mun ræða við Kristmar og fá hans álit á þessu.

#### 7. Samstarf við ÍA

- a. Er grundvöllur fyrir samstarfi við ÍA í sundi og fimleikum.** Sigurður mun ræða við aðila og reyna að finna flöt í því hvernig hægt er að sinna þessu án þess að UMSB sé að standa í daglegum rekstri.
  
- 8. Starfsmannamál/verkefni UMSB** - Það eru miklar breytingar og spurning hvernig framtíðin er varðandi verkefni sem við höfum tekið við frá Borgarbyggð. Til þess að átta sig betur á umfangi starfsins hjá UMSB ætlar Siggi að skila inn til stjórnar vikulegu yfirliti yfir hans helstu verkefni þannig að hægt sé að átta sig betur á stöðunni.
  
- 9. Önnur mál**